

- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesa- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 65 1. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið 23. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald.

Fyrir verkamann, karl eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 712.00.

Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðja.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting.

1 m² hitaflatar telst vera 10 Mcal/h eða 11.63 kW.

1 kW telst 1.36 hö.

1. flokkur: Gjald kr. 3 900.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2kp/cm² þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m² hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m³ rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m³ rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 5 850.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kp/cm² og eru með hitaflati frá 2 m² til 30 m². Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m³. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó að suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélabúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m³ rúmtaki.

3. flokkur: Gjald kr. 15 600.00.

Eimkatlar með meira en 30 m² hitaflati.

C. Aflvélar.

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 128.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrir tækis greiðist kr. 128.00.

D. Vinnuvélar.

1. flokkur: Gjald kr. 128.00.

Dælur, sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur), fægivélar skósmiða, hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

2. flokkur: Gjald kr. 1 088.00.

Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmismiðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmigerðarvélar, reykbblásarar, þrýstiloftsbjöppur allt að 5 hö., brjóstssykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðflettivélar, marningsvélar, færribönd 2—5 m að lengd.

3. flokkur: Gjald kr. 1 170.00.

Trésmiðavélar, prentvélar, vökvaprýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skráfuressur, niðursuðuvélar, sápuðgerðarvélar, málningargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, steinsmiðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, tuskutætarar, dælur yfir 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar, fiskþvottavélar, pönnufrystitæki, færribönd 5—10 m að lengd.

4. flokkur: Gjald kr. 2 340.00.

Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsbjöppur 10 hö. og meira, gasframleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færi-

bönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarár, hausunarár.

5. flokkur: Gjald kr. 4 875.00.

Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar papparentvélar, vöru-lyftur 50—300 kg. Rúllustigar, sýningarklefar, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarár, málmbræðsluker með hreyfibúnaði, fisklöndunartæki (grabbar).

6. flokkur: Gjald kr. 11 700.00.

Fólkslyftur, skipadráttarvagnar, malarastólar og verkpallar í strengjum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vöru-lyftarar með sæti, færibrautir í sláturhúsum. Skíðalyftur minni og tvíbrauta lyftibúnaður.

7. flokkur: Gjald kr. 15 600.00.

Dráttarár, vegabjökkur, vegheflar og aðrar vegagerðarár, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkrantar (bómul. minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn). Litlar steypustöðvar. Vöru-lyftur yfir 300 kg.

8. flokkur: Gjald kr. 23 400.00.

Farandkrantar, byggingakrantar, fisklöndunarkrantar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar. Skíðalyftur stærri.

E. Frystivélar.

1. flokkur: Gjald kr. 1 170.00.

Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.

2. flokkur: Gjald kr. 3 120.00.

Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.

3. flokkur: Gjald kr. 5 655.00.

Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.

4. flokkur: Gjald kr. 11 700.00.

Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar.

Vegna byggingamannvirki, sem eru í smíðum, greiðist kr. 6.00 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 24.00 fyrir hvern hlaupandi lengdar-metra verkpalls. Þó skal ekki greiða af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun.

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru 100 til 1000 brúttólestir greiði	kr. 7 800.00
Skip, sem eru 1000 til 2000 brúttólestir greiði	— 15 600.00
Skip, sem eru 2000 til 3000 brúttólestir greiði	— 23 400.00
Skip, sem eru 3000 brúttólestir og þar yfir greiði	— 31 200.00

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir

hvern mánuð, sem það siglir milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem Öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla.

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 46.00 af hverjum fermetra gólfplatar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 24.00 fyrir hvern fermetra gólfplatar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 12.00 fyrir hvern fermetra gólfplatar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta.

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 7 600.00.

Fyrir gasmælingu oliugeyma í skipum greiðist kr. 7 600.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 2 962.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því. Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m³ að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2kg/cm² greiðist kr. 4 680.00 en fyrir stærri katla kr. 6 240.00.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 128.00—23 400.00.

Þótt skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirkipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins. Sé að beiðni fyrirtækis skoðun framkvæmd auk hinnar árlegu skoðunar greiðist minnst kr. 4.725.00. Árlegt lágmarksgjald vegna skoðunar hjá fyrirtæki er kr. 6 615.00.

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast gjald kr. 10 500.00 séu starfsmenn færri en 5, kr. 21 000.00 séu starfsmenn frá 5—10, kr. 31 500.00 séu starfsmenn fleiri en 10.

Er þá aðeins átt við verkamenn, sem hættuleg efni ná eða geta náð til á vinnustaðnum. Vegna gassuðutækja eða rafsuðutækja greiðist kr. 3 900.00.

4. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglug. nr. 302/1978 greiðist kr. 13 500.00.

5. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari, til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því sem með þarf.

6. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt er eða skylt að stofnunin gegni greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfín eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstofunum á vinnustöðum nr. 315 30. ágúst 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. janúar 1979.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa,
nr. 59 3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 151 17. maí 1973.**

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðst hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðst, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrir en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðst í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenskra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 35.000.— Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.